

Innviðaráðuneyti

Tilvísun í mál: IRN23120179

Athugasemdir minnihluta A-lista vegna Stjórnsýslukæru Jóns Gísla Jónssonar.

Ákvörðun um framkvæmdir við leikskólalóð var tekin á aukafundi sveitarstjórna þann 13. maí. Sveitarstjórnarmönnum gafst því ekki rúmur tími til að kynna sér gögnin. Aðeins voru lagðar fram útlitsteikningar með annars vegar stölluðum eða heilum vegg. Oddviti lagði áherslu á að auglýsa verkið sem fyrst í samráði við byggingarfulltrúa. Þetta var samþykkt samhljóða.

Eins og kemur fram í bréfi kæranda Jóns Gísla Jónssonar var verkið auglýst og gefinn viku frestur sem síðan var framlengdur um tvo daga. Nokkrar fyrirspurnir bárust um verkið en misbrestur varð á því að gögnin væru send til þeirra sem um þau báðu. Engar formlegar verðhugmyndir bárust.

Á sveitarstjórnarfundi í Strandabyggð 12. september var endurgerð leikskólalóðar á dagskrá fundarins. Þá var lagt fram tilboð í verkið frá Litla Kletti. Með fylgdi magnskrá sem ekki hafði verið til þegar verkið var auglýst í maí og óskað var eftir verðhugmyndum í verkið. Sveitarstjórnarmenn A-lista gagnrýndu hvernig staðið hefur verið að þessu verki og Matthías Lýðsson lagði fram eftirfarandi bókun (sjá fundargerð http://www.strandabyggd.is/fundargerdir/sveitastjorn/Sveitarstjornarfundur_nr_1350_i_Strandabyggd_12092023/):

„Endurbætur á leikskólalóðinni eru mjög mikilvægar þar sem hún er í slæmu ástandi. Auglýst var eftir verðhugmynd 15. maí. Einungis var gefin vika í að koma með verðhugmynd. Þeir sem leituðu eftir gögnum fengu ófullnægjandi gögn og óskuðu eftir betri gögnum sem þeir fengu ekki. Reyndar fengu ekki allir gögn sem leituðu eftir því. Það kemur svo í ljós að ítarlegri gögn voru unnin í lok ágúst og einn aðili fékk þau gögn til að gera tilboð.

Þegar óskað er eftir verðfyrirspurn er gert ráð fyrir allir fái sömu gögn og geti því komið með verðtilboð eftir þeim gögnum. Með því að taka einn aðila fram yfir aðra er verið að mismuna aðilum eitthvað sem sveitarfélag á ekki að gera. Með því að velja aðkomufélag til að gera þetta „heildartilboð“ og ganga framhjá heimamönnum er sveitarfélagið að hafa af sér skatttekjur og flytja atvinnu og tugmilljóna króna tekjur út úr sveitarfélaginu.

Ég lýsi fullri ábyrgð á þessum málalátbúnaði á hendur meirihluta sveitarstjórnar.“

Sveitarstjórnarmenn minnihluta A-lista taka undir með Jóni Gísla Jónssyni að auglýsingar á verðhugmyndum og tilboðum í verk á vegum sveitarfélagsins hafa oftár en ekki verið í ósamræmi við Innkaupareglur Strandabyggðar og Lög um opinber innkaup. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar til oddvita

Strandabyggðar um að gæta að því að fara eftir innkaupareglunum hefur það ekki leitt til þess að bót hafi verið ráðin á því. Einnig tókum við undir með Jóni Gísla eins og kemur fram í bókuninni hér að framan að það virðist hafa verið stefna meirihluta sveitarstjórnar að flytja störf út úr sveitarfélaginu og ganga framhjá heimamönnum með verkefni á vegum sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt

Sveitarstjórnarmenn A-lista

Matthías Sævar Lýðsson

Hlíf Hrólfsdóttir